

*Fundur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 24. febrúar 2022: Fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um vefsíðu Reykjavíkurborgar - MSS22020266*

Ný heimasíða Reykjavíkurborgar hefur litið dagsins ljós en hún er langt í frá að vera tilbúin, má t.a.m. nefna að við yfirfærslu fundargerða yfir á nýja vefinn fór ýmislegt úrskeiðis og vantar upp á að fundargerðir séu birtar með réttum hætti. Unnið er að lagfæringu og er fólki bent á að fara á eldri vef til að skoða fundargerðir. Erfitt er að vinna við þetta fyrirkomulag, þar sem borgarfulltrúar og aðrir þurfa að reiða sig á upplýsingar sem koma fram á vefsíðunni og erfitt er að nálgast gögn og upplýsingar. Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands spyr hvenær vefsíðan verði komin í lag og að fullu tilbúin? MSS22020266